Skólaráð | Fyrsti fundur skólaársins 2026–2027

Grunnskólinn í Stykkishólmi • Fundargögn til undirbúnings

Dagsetning: 16.nóvember Fundarstaður: Grunnskólinn í Stykkishólmi Fundartími: 17:00-18:00
Mættir: Þóra Margrét Birgisdóttir skólastjóri, Nadine Walter fulltrúi starfsmanna, Arna Sædal fulltrúi kennara, Jón Dagur Jónsson og Hákon Rúnar Hólmgeirsson fulltrúar nemenda, Hrafnkell Thorlacius fulltrúi foreldra.

Tilgangur fundarins er að kynna stöðu og áherslur skólastarfsins, ræða umbætur og gefa fulltrúum skólaráðs tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Dagskrá og efnistök

Dagskrárliður	Umfjöllun / tilgangur
2. Áherslur og helstu verkefni	Megináherslur skólaársins, þróunarverkefni og fyrirhuguð vinna. Kynning og umræða
3. Innra mat og umbótaáætlun	Helstu niðurstöður innra mats, forgangsröðun umbóta og eftirfylgni. Kynning og ábendingar
4. Staða og skipulag skólastarfs	Nemendafjöldi, mannauður, skipulag og helstu breytingar. Kynning
5. Læsi og Lesferill	Samantekt niðurstaðna, styrkleikar, áskoranir og viðbrögð. Kynning og umræða
6. Stoðþjónusta og skólasókn	Skipulag stoðþjónustu, megináherslur, skólasókn og viðbrögð við fjarvistum. Kynning og umræða
7. Önnur mál	Spurningar og mál sem fulltrúar vilja koma á framfæri. Umræða

Gögn sem fylgja fundarboði

□ Drög að starfs- og fundaráætlun skólaráðs
□ Samþykkt umbótaáætlun og stutt samantekt úr innra mati - Umbótaáæltun 2026-2027
□ Staðfest samantekt á niðurstöðum Lesferils í september 2026
□ Gildandi viðmið og verklag vegna skólasóknar - Skólasóknareglur | Grunnskólinn í Stykkisholmi
□ Handbók um skólaráð - handbokskolarad_150615.pdf

1 | Starf skólaráðs

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjórnenda, foreldra, nemenda og grenndarsamfélagsins. Hluterk skólaráðs er að stuðla að góðu samstarfi innan skólasamfélagsins og vera skólastjórnendum til ráðgjafar um skólastarfið og þróun þess.

Skólaráð:

- Fjallar um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir skólans
- Tekur þátt í umræðu um innra mat og umbótastarf
- Fylgist með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
- Veitir umsagnir um málefni sem varða skólastarfið
- Stuðlar að góðum samskiptum og virkri þátttöku skólasamfélagsins.
- Skólaráð fundar 3-4 sinnum yfir skólaárið, næsti fundur verður í febrúar.

Fundir fara fram hér í skólanum og er áætluð tímalengd einn til einn og hálfur klukkutími.

Fundur 2 - Febrúar	Fundur 3 - Apríl/maí
Framvinda umbótaáætlunar Leiðsagnarnám og námsmat Innra mat Skólapúlsinn Líðan nemenda Starfsþróun Undirbúningur næsta skólaárs Önnur mál	Mat á starfsáætlun Niðurstöður innra mats Umbótaáætlun næsta skólaárs Helstu styrkleikar skólaársins Áskoranir næsta skólaárs Starfsáætlun næsta skólaárs Skóladagatal Skólaslit Önnur mál

Áherslur skólaársins: þátttaka nemenda og foreldra, umfjöllun um umbótastarf og eftirfylgni með skólastarfinu.

2 | Áherslur og helstu verkefni

Megináherslur skólaársins: að efla læsi og lestraráhuga, styrkja leiðsagnarnám og skýr námsmarkmið, styðja við vellíðan og jákvæð samskipti og þróa markvissa, inngildandi stoðþjónustu.
Helstu verkefni: innleiðing og nýting heimalestrarskráningar í Læsi, þróun lestrarkennslu og samstarf kennara um fjölbreytta kennsluhætti. Kynning á verkefninu Kveikjum neistann hefur verið liður í umræðu um umbætur í lestrarkennslu.

3 | Innra mat og umbótaáætlun

Umbótaáætlun má finna á heimasíðu skólans. Þeir þættir sem unnið er með á skólaárinu eru innra mat, nám og kennsla, stjórnun og fagleg forysta,
Innra mat byggir meðal annars á mati á námi og kennslu og skipulögðum heimsóknum stjórnenda í

kennslustundir. Á skólaárinu er gert ráð fyrir fimm umferðum slíkra heimsókna.
Forgangsumbætur: læsi, leiðsagnarnám, faglegt samstarf og stuðningur við fjölbreyttar námsþarfir.

Nemendakönnun Skólapúlsins – október 2026

Könnunin nær til nemenda í 6.–10. bekk. Niðurstöður eru bornar saman við landsmeðaltal.
Fjöldi svarenda er breytilegur eftir matsþáttum (um 35–36 í mörgum þáttum).

Helstu styrkleikar: Vellíðan 5,4 (landið 4,7); samband nemenda við kennara 5,6 (5,0); agi í tímum 5,9 (4,9); virk þátttaka í tímum 5,2 (5,0); tíðni leiðsagnarmats 5,2 (4,9).

Þættir til frekari skoðunar: Trú á eigin námsgetu 4,2 (landið 4,9); trú á eigin vinnubrögð í námi 4,6 (4,9); ánægja af náttúrufræði 3,8 (4,6); þrautseigja í námi 4,4 (4,6).

Samskipti og öryggi: Tíðni eineltis mælist 11,1% (landið 18%). Þótt samanburðurinn sé hagstæðari þarf áfram að vinna markvisst gegn einelti.

Túlkun og eftirfylgni: Niðurstöðurnar styðja við áframhaldandi áherslu á vellíðan, jákvæð samskipti, námsáhuga og þátttöku. Skoða þarf sérstaklega hvernig efla megi trú nemenda á eigin námsgetu og áhuga á námi. Litlir svarendahópar kalla á varfærni í túlkun; ekki draga ályktanir um einstaka nemendur eða litla undirhópa.

Heimild: Skólapúlsinn, Nemendakönnun 6.–10. bekkjar 2026–2027, bls. 9, 19, 24, 29, 53, 63, 84, 89, 94 og 98.

Til umræðu:
Fulltrúar nemenda eru hissa með niðurstöður varðandi ánægju nemenda af náttúrufræði en þeir voru sammála um að kennsla í náttúrufræði væri fjölbreytt og tímarnir bæði áhugaverðir og skemmtilegir. Þeir hallast frekar að því að það sé ríkjandi sú menning hjá nemendum að það eigi að vera leiðinlegt í náttúrufræði.

4 | Nemendur, mannauður og skipulag

Nemendur: skólinn er með nemendur í 1.–10. bekk. Nemendafjöldi er 183
Mannauður: Fjöldi starfsmanna við skólann er 56 í mismunandi störfum og starfshlutföllum. Það eru tveir starfsmenn í fæðingarorlofið og einn kennari á leiðinni í fæðingarorlof í desember og einn starfsmaður í launalausu leyfi.
Stoðþjónusta: við nemendur er veitt af kennurum og stuðningsfulltrúum, bæði í bekkjum og sérstökum námsrýmum.
Samstarf og teymiskennsla eru mikilvægir þættir í skipulagi skólans.

Stjórnendur sækja sérstaklega um til ráðninganefndar sveitarfélagsins hvort megi auglýsa lausar stöður. Áður en sótt er um til ráðninganefndar þá er fyrst skoðað hvort hægt sé að hliðra til eða hagræða innan skólans.

Mötuneyti er á báðum hæðum og er matur afgreiddur á báðum stöðum. Nemendur á unglingastigi hafa óskað eftir vatnsvél og er verið að vinna í því.
Laga þarf hljóðvist í mötuneyti á 1. hæð.

5 | Læsi og Lesferill

Lesferill var lagður fyrir í september 2026 og niðurstöðurnar eru nýttar til að greina styrkleika og hvar þörf er á frekari þjálfun og stuðningi. Niðurstöður nemenda eru skráðar í skimunarskjal stoðþjónustu og hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu og stuðnings.
Skólinn vinnur að því að efla lestur og lestraráhuga, meðal annars með samstarfi heimila og skóla og markvissri eftirfylgni.

Niðurstöður Lesferils frá september 2026 sýna að staða lestrarfærni er mismunandi eftir árgöngum. Þátttaka nemenda í mælingunni var almennt mjög góð, sem gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu lestrar í skólanum.

Niðurstöðurnar verða nýttar til að:

- Greina betur stöðu lestrarfærni í einstökum árgöngum.
- Skipuleggja markvissan stuðning og lestrarþjálfun.
- Fylgjast með framförum nemenda í næstu mælingum.
- Efla samstarf kennara og stoðþjónustu um læsi.

Til umræðu:
Rætt um verkefni Kveikjum neistann og þá kynningu sem skóla- og fræðslunefnd hefur fengið á verkefninu og kennarar hér innanhúss.

6 | Stoðþjónusta og skólasókn

Stoðþjónusta styður við nemendur með fjölbreyttar náms- og stuðningsþarfir. Stuðningur fer meðal annars fram inni í bekkjum og í námsrýmum þar sem kennarar vinna samkvæmt einstaklingsmiðuðum áætlunum. Umsjónarkennarar, stoðþjónusta og stuðningsfulltrúar vinna saman og reglulegir teymisfundir styðja samhæfingu.
Í stoðþjónustu starfa reynslumiklir kennarar sem leiða faglega vinnu. Samkvæmt síðustu mönnunarupplýsingum starfa 10 stuðningsfulltrúar í samtals 7,43 stöðugildum. Þeir sinna meðal annars stuðningi í bekk, frímínútnagæslu og klefagæslu í íþróttahúsinu.
Í samstarfi við Ásgarð skólaráðgjöf er verið að vinna að reiknilíkani til að greina og skrá stuðningsþörf nemenda.
Skólasókn: lögð er áhersla á að fylgjast reglulega með mætingu, bregðast snemma við fjarvistum og vinna með heimilum þegar áhyggjur vakna.

Samantekt fundar og eftirfylgni

Formenn nemendaráðs segir frá hugmyndakassanum, birtist spurning á upplýsingaskjánum frá nemendaráði. Nemendur virkir í að taka þátt og senda inn svör í hugmyndakassann.
Umgengni nemenda á unglingastigi – athuga að bæða við spilum og tafli. Ábyrgðartilfinning nemenda er lítil varðandi hluti sem skólinn á.